

Nr. 009 / 10 Goðafoss***Skipverji slasast við fall***

IMO nr. 9086796
Smíðaður: Danmörku 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14800kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slyaskýrsla frá skipi
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. desember 2009 var Goðafoss á siglingu í Norðursjó. Veður: SA 8-11 m/s.

Skipverji var að fara út með rusl frá eldhúsi þegar hann rann til og féll á bakið á hálu þilfarinu. Hann hélt áfram störfum en um kvöldið urðu verkir það miklir að hann varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið valt aðeins auk þess sem krapi og bleyta var á þilfarinu.
- að skipverjinn var á vinnuskóm úr eldhúsi (töflur)
- að eftir þetta atvik hefði skipverjinn óskað eftir að þetta svæði yrði sandmálað en honum hafði áður skrikað fótur á þessu svæði.

Nefndarálit:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að þilför séu sandmálað þar sem hættu er á að skipverjum geti skrikað fótur.